

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

7. janúar 2026
UOS2501696/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 15. maí 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Arnarlax ehf. Gileyri, Tálknafirði ID 248 þann 22. apríl 2025. Þann 12. júní 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðinni og útrás frárennslis tvisvar á ári. Aðeins var framkvæmd ein sýnataka árið 2024 úr frárennslis við lágmarkslífmassa. Rekstraraðili hefur tekið hámarkssýnatöku 30. maí 2025, lágmarkssýnataka verður tekin í september 2025.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson
lögfræðingur teymi eftirlits